

## **Reglur um styrki vegna aksturs barna í Húnaþingi vestra.**

### **1. gr.**

#### ***Gildissvið***

Úthlutunarreglur þessar gilda um styrki vegna barna og unglinga, sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra, fram að lokum grunnskólaaldurs.

Styrkirnir eru tveir og ná til:

- a. aksturs á skipulagðar íþróttæfingar sem stundaðar eru innan sveitarfélagsins og falla undir starfsemi USVH og aðildarfélaga þess, Umf. Hörpu og/eða aksturs vegna tónlistarnáms í Tónlistarskóla Húnaþings vestra utan daglegs starfstíma Grunnskóla Húnaþings vestra.
- b. aksturs með börn til vistunar í leikskóla Húnaþings vestra.

### **2. gr.**

#### ***Markmið***

Markmið með þessum reglum er að stuðla að jöfnun aðstöðumunar barna og unglinga sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra og þurfa um lengri veg að fara til íþróttaiðkana, tónlistarnáms og vistunar í leikskóla.

### **3. gr.**

#### ***Akstursvegalengd***

Ekki eru greiddir styrkir vegna barna og unglinga sem búa innan við 12 km. fjarlægð (önnur leið) frá æfingastað, tónlistarskóla eða leikskóla.

### **4. gr.**

#### ***Styrkur vegna aksturs barna og unglinga á íþróttæfingar og í tónlistarskóla***

Til að eiga rétt á styrknum þarf að framvísa á skrifstofu Húnaþings vestra:

- a. staðfestingu frá íþróttafélagi og/eða deild þar sem fram kemur hversu margar æfingar barn/börn frá viðkomandi heimili hafa stundað.
- b. og/eða staðfestingu frá Tónlistarskóla Húnaþings vestra um ástundun barns utan daglegs starfstíma Grunnskóla Húnaþings vestra.

Styrkurinn er ekki greiddur nema ástundun nái a.m.k. 12 skiptum á önn. Aðeins er greiddur einn styrkur á heimili á ári vegna íþróttaiðkana og tónlistarnáms óháð fjölda barna og skal upphæð styrks vera 55 kr. á hvern ekinn km. í 12 skipti á hvorri önn. Skal þá miða við eftirfarandi reglu: (Vegalengd þ.e. frá heimili að æfingastað/tónlistarskóla – 12 kílómetrar) x 2 x 55 kr. x 12 skipti á önn. Dæmi: (35 km – 12 km) x 2 x 55 kr. x 12 skipti á önn = 30.360 kr. á önn eða 60.720 kr. á ári.

Sækja skal um á þar til gerðu eyðublaði sem fæst á skrifstofu Húnaþings vestra og á heimasíðu sveitarfélagsins.

### **5. gr.**

#### ***Styrkur vegna akstur barna til vistunar í leikskóla***

Til að eiga rétt á styrknum þarf að framvísa á skrifstofu Húnaþings vestra:

- a. staðfestingu leikskólastjóra á akstri.

Aðeins skal greiða sem nemur einni ferð á dag óháð fjölda barna 55 kr. fyrir hvern ekinn kílómetra. Skal þá miða við eftirfarandi reglu: (Vegalengd þ.e. frá heimili að leikskóla – 12 kílómetrar) x 55 kr. Dæmi: (35 km – 12 km) x 55 kr. = 1.265 kr. á dag.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal hámarksupphæð vegna aksturs barna til vistunar í leikskóla ekki fara yfir 170.000 kr. á ári eða 15.681 kr. á mánuði.

Sækja skal um á þar til gerðu eyðublaði sem fæst á skrifstofu Húnaþings vestra og á heimasíðu sveitarfélagsins.

#### **7. gr.**

##### ***Tilhögun greiðslna***

Árið skiptist í tvær annir, þ.e. janúar – júní og júlí – desember.

Styrkur samkvæmt 4. gr. er greiddur út einu sinni á ári í lok desember að undangenginni auglýsingu frá Húnaþingi vestra.

Styrkur samkvæmt 5. gr. er greiddur út tvisvar sinnum á ári. Annars vegar í júlí vegna tímabilsins janúar – júní og hins vegar í desember vegna tímabilsins júlí – desember að undangenginni auglýsingu frá Húnaþingi vestra.

Sækja þarf um styrkina innan tveggja mánaða frá birtingu auglýsingar annars falla þeir niður.

#### **7. gr.**

##### ***Gildistaka***

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi úthlutunarreglur styrkja vegna aksturs barna í Húnaþingi vestra sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 14. júní 2012.

Samþykkt á fundi byggðarráðs Húnaþing vestra þann 29. júní 2020